

Hverfisnefnd Naustahverfis

40. fundur, 14. mars 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 19:30 – 21:00

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Ásdís Birgisdóttir, Ómar Ívarsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Sveina Björk Jóhannesdóttir, Heiðrún Jóhannsdóttir og Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Sleppisvæði við Naustaskóla

Umræða um sleppisvæði við Naustaskóla, en nefndinni hefur borist svar við fyrirspurn okkar frá því um daginn. Sleppisvæði eru áætluð efst við Lækjartún og tvö við Kjarnagötu, annað við Ljómatún og hitt framan við stóru blokkina.

2. Deiliskipulag á Hólmatúni 1-9

Í upphaflegu deiliskipulagi var gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi meðfram Kjarnagötu, í samræmi við gildandi aðalskipulag. Lóð við Hólmatún 1 er eina lóðin sem eftir er innan hverfisins sem skilgreind er fyrir verslun og þjónustu. Ekki eru allir á eitt sáttir við að missa algerlega möguleika á verslun og þjónustu úr hverfinu og því verið að horfa á aðra reiti í hverfinu og huga að því hvar annars staðar væri hægt að koma fyrir verslunar og þjónustuhúsnæði sem myndi leysa Hólmatúnið af.

Þá bendir hverfisnefnd einnig á að með þessari breytingu versnar til muna bílastæðavandamál við Naustatjörn, sem er nógu slæmt nú þegar, sérstaklega á sérstökum dögum, s.s. foreldramorgnum og þess háttar.

3. Önnur mál

Rætt vítt og breitt um málefni hverfisins og bæjarins í heild, s.s. byggingu skólans, fráveitumál í bænum, Dalsbraut o.þ.h.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.